



# STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

## Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: **Áhaldahús/höfn**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: Febrúar 2019

### 1. Verkefni í undirbúningi:

- Ýmis smáverk fyrir deildir sveitarfélagsins
- Uppsetning myndavéla á höfn og íþróttarmiðstöðvar
- Breytingar á lokunarbúnaði holu 1 í Hveravík

### 2. Verkefni í vinnslu:

- Kastarar á Seið
- Saga hurðargat á íþróttarhús kjallara
- Viðhald á lögnum í kjallara íþróttarhús
- Ýmis verk fyrir deildir sveitarfélagsins

### 3. Verkefnum lokið:

- Setja pakkningu á hitavatns holu í Hveravík
- Færsla á vatnsinntaki fyrir íþróttarhúss lokið
- Grafið og fleygað frá vegg á félagsheimili svo hægt sé að koma hurð í kjallara. (áhh)
- Færsla á lögnum í kjallara íþróttarhúss er lokið
- Skipta um dælu í Seið
- Setja pakkningu á hitavatns holu í Hveravík



## Grunnskólinn á Hólmavík Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir Febrúar 2019

### Verkefni á frumstigi:

- Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla vegna manneklu á leikskóla (HG, IAB)
- Vinna með grunnþætti skólastarfs (HG)
- Úrbótaáætlun vegna persónuverndarlaga (HG, ÞP)
- Skóladagatal og skipulag skólaárs 2019-2020 (HG)

### Verkefni í vinnslu:

- Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla vegna manneklu á leikskóla (HG,IAB). Febrúar-mars 2019.
- Starfsmannafundur, starfsmannamál (HG)
- Lokahátíð Þjóðleiks, haldin á Hólmavík (EÖV)
- Mat á einstaklingsmiðuðu námi, staða Grunnskólans á Hólmavík (HG)
- Gerð umhverfisstefnu Héraðsbókasafns í samræmi við stefnu Grunnskólans á Hólmavík og grænánastarf í húsnæðinu. Ljúka mars. 2019
- Gerð áætlunar um öryggi og velferð barna (HG) – gerð öryggisáætlunar fyrir Grunnskólann á Hólmavík. Unnið er að tillögu. Á meðan unnið er að áætlanagerð gildir öryggishandbók grunnskóla (Menntamálaráðuneytið). Ljúka des. 2018. Frestað til jan. 2019 vegna vinnu við yfirlæsi tómsundar og skólaskjól. Lýkur í mars.
- Gerð áfallaáætlunar (HG, IAB) – drög eru tilbúin og unnið er að gerð áfallaáætlunar fyrir Grunnskólann á Hólmavík og Leikskólann Lækjarbrekku. Vinna í samstarfi við leikskólastjóra. Ljúka des. 2018. Birta á heimasíðu í mars 2019.
- Gerð jafnréttisáætlunar (HG) – gerð jafnréttisáætlunar fyrir Grunnskólann á Hólmavík í samræmi við reglur Jafnréttisstofu. Gert hefur verið uppkast sem er í yfirlæsi. Eftir er að fara í gegnum athugasemdir og breyta eftir þörfum. Kynningu er ólokið – kennarafundur, skólaráð, fræðslunefnd. Ljúka nóv. 2018. Frestað til mars. 2019.

### Verkefnum lokið:

- Þjóðleikur, samstarf Þjóðleikhúss og grunnskóla (EÖV)
- Hagræðing og breytingar á skipulagi ýmissa svæðum í skólanum, setustofa, geymslusvæði, og fleira. (HG, SK og fleiri). Hagræðing á og við bókasafn miðar að því að auka hillupláss.
- Gerð áætlunar um innra mat Grunnskólans. (HG) Birt á heimasíðu í febrúar.
- Gerð læsisstefnu (HG, IAB) – gerð sameiginlegrar læsisstefnu fyrir Grunnskólann á Hólmavík og Leikskólann Lækjarbrekku. Ljúka nóv. 2018. Kynnt og birt á heimasíðu febrúar 2019.



## Forstöðumannaskýrsla

Íþróttamiðstöð Hólmavíkur

Birna Karen Bjarkadóttir

1. febrúar – 1. mars

### 1. Verkefni í undirbúningi:

- Barnalaug verður þússuð, grunuð og máluð í vor.
- Ég vonast eftir því að fá iðnaðarmann til að meta flotunina á bakkanum sem fyrst svo hægt verði að flota bakkann í vor, fyrir sumatraffík.

### 2. Verkefni í vinnslu:

- Rafvirkjum frá tengli seinkuðu og koma þeir í byrjun Mars.
- hæðanemar fyrir jöfnunartank eru komnir og beðið er eftir rafvirkja til að koma þeim fyrir.
- Hlaupabrettið er væntanlegt 14. Mars.
- Búið er að auglýsa fyrir sumarstörf, umsóknarfrestur rennur út 19.mars. Í kjölfarið boða ég umsækjendur í sundpróf og ræð svo inn út frá því.
- Þegar veður leyfir verður sagað fyrir hurð í kjallara og henni komið fyrir.

### 3. Verkefnum lokið:

- Búið er að fjarlægja allan sand úr sandsíu fyrir heitari pottinn, vinna hefst á næstu dögum við viðgerð á henni.
- Það var lokað hjá okkur vegna framkvæmda 19.-22. Febrúar. Framkvæmdirnar urðu á undan áætlun og var þeim lokið tveimur dögum fyrr en var búið að spá fyrir um.
- Í lokunninni var endurnýjað heilmikið af pípulögnum og þeim komið fyrir þannig að hægt væri að saga fyrir hurð sem koma á fyrir í kjallara hússinns. Einnig var skipt um nýtt vatnsinntak.
- Búið er að fjarlægja allt tartanefni af barnalauginni, í framhaldi af því verður hún þússuð, grunuð og máluð.
- Það var uppfærður hugbúnaður í rafmagnstúpu í kyndistöð til að koma í veg fyrir miklar sveiflur á hita sem kemur frá túpunni.



## Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Lækjarbrekka

Nafn forstöðumanns: Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir

Tímabil: mars 2019

### 1. Verkefni í undirbúningi:

- Öryggishandbók (IAB og Trappa)
- Námskrá 5 ára (IAB)

### 2. Verkefni í vinnslu:

- Starfsmannamál leikskólans. Mönnun leikskólans undanfarnar vikur hefur verið krefjandi verkefni. Við höfum verið undirmönnuð og oft á tíðum ansi snúið að þúsla deginum þannig að allt gangi upp. Við höfum búið svo vel að geta kallað til einstaklinga þegar þörfin er mest að koma til vinnu í leikskólanum. Starfsfólk leikskólans hefur staðið sig eins og hetjur, verið úrræðagott, lausnamiðað og lagt sig allt fram til að láta starfsemina ganga. Mér til mikillar gleði get ég sagt að þrátt fyrir undirmönnun og álag hefur ekkert verið gefið eftir í faglegu starfi með börnunum. Búið er að ráða deildarstjóra eldri deildar, er það tímabundin ráðning sem gildir fram á vorið. Einnig er kominn til starfa 50% starfsmaður á yngri deild. Búið er að ráða starfsmann í 100% starf og mun hann hefja störf mánaðamótin mars/apríl. Þegar það gerist vantar okkur hálfstöðugildi til þess að leikskólinn teljist fullmannaður. Einn starfsmaður fer í fæðingarorlof í maí, óvíst er hversu lengi hún vinnur, en þá mun vanta starfsmann í hálfstöðugildi.



- Skólanámskrá (IAB og Trappa) – Vegna undirmönnunar hefur ekki verið hægt að vinna við skólanámskrá í þessum mánuði.
- Gerð áhættumats vegna persónuverndarlaga. – Vegna undirmönnunar er þessu verkefni ekki lokið en það er langt komið.
- Skipulagsdagur 20. mars. Verið er að undirbúa verkefni dagsins. Þeirri vinnu er ekki lokið.

### 3. Verkefnum lokið:

- Stella og Alma eru búnar að sækja námskeið í notkun Vináttuverkefnis Barnaheilla. Henrike heldur utan um verkefnið á eldri deild og gengur það bærilega. Verkefnið mun fara formlega í gang í næstu viku á yngri deild. Þetta verkefni er forvarnartæki gegn einelti.
- Móttökuáætlun nýnema úr leikskólanum hefur tekið breytingum í mánuðinum. Nú fer 5 ára hópurinn tvisvar í viku í grunnskólann og er 5 – 6 klst í hvert skipti. Hópurinn er í umsjón starfsmanna grunnskólans á þeim tíma. Þessi leið er farin til að aðstoða leikskólann í þeirri undirmönnun sem þar er.
- Læsisverkefnið, þróunarverkefni leikskólanna í 5. deild, er núna á lokametrunum. Við höfum í raun lokið okkar aðkomu að því. Búið er að ákveða texta í kynningarbæklingnum og verið er að setja bæklinginn upp. Þegar því er lokið þarf hvert sveitarfélag fyrir sig að taka ákvörðun um hvort eigi að prenta út bæklinginn til dreifingar eða dreifa honum rafrænt.

### 4. Annað:



## Skýrsla félagsmálastjóra fyrir febrúar 2019

Í mánuðinum var unnin skýrsla fyrir Hagstofu Íslands um félagsþjónustu.

Haldinn var Velferðarráðsfundur þann 7. febrúar.

Nokkuð hefur verið unnið með málefni leikskólans Lækjarbrekku og haldinn fræðslufundur með foreldrum þar.

15. febrúar fór ég á Félagsráðgjafarþing sem haldið er árlega.

18. febrúar sótti ég fund Félagsmálaráðuneytisins um NPA

Í mánuðinum voru endurnýjaðir allir stuðningsfjölskyldusamningar og tveir nýir gerðir

Annars unnið í einstaklingsmálum, sóttir reglulegir teymisfundir o.s.frv.

Hólmavík, 6. mars,

María Játvarðardóttir

## Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Slökkvilið Strandabyggðar

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Einar Indriðason

Tímabil: Febrúar 2019

### 1. Verkefni í undirbúningi:

- 

### 2. Verkefni í vinnslu:

- Í síðustu skýrslu var eina verkefnið hjá okkur í vinnslu nýi slökkvibíllinn og svo er enn. Þá var afhendingardagur ákveðin 15 feb. síðan kom í ljós að búnað vantaði í bílinn til að hægt væri að tengja við hann hugbúnað fyrir dæluna, bílaumboðið brást fljótt við að útvega þennan búnað frá verksmiðju, en samkvæmt síðustu fréttum tefst afhending nokkuð og staðan nú er sú að bílinn verði afhentur í lok mars. E.I

### 3. Verkefnum lokið:



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

4. **Annað**; ábendingar, athugasemdir: ...

## Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Sorpsamlag.

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Einar Indriðason

Tímabil: Febrúar 2019

### 1. Verkefni í undirbúningi:

- 

### 2. Verkefni í vinnslu:

- Gamli pressubíllinn var gerður klár fyrir sölu í þessum mánuði og auglýstur. Annað voru hefðbundin störf. E.l

### 3. Verkefnum lokið:

4. **Annað**; ábendingar, athugasemdir: ...